

SKÝRSLA
UMBOÐSMANNS BARNNA
2018



Skýrsla umboðsmanns barna
1. janúar 2018 - 31. desember 2018

Útgefandi:

Umboðsmaður barna
Kringlunni 1, 5 h.
103 Reykjavík
Heimasíða: www.barn.is
Netfang: ub@barn.is
2019
ISSN 1670-5408

Prentun:

Prenttækni
Umbrot og hönnun: Kristín Jóna (bongo.is)

Til forsætisráðherra

Árið 2018 var viðburðarríkt hjá embætti umboðsmanns barna og kemur margt til. Í upphafi skipunartímans lagði ég áherslu á að eiga frumkvæði að stefnumótandi umræðu um málefni barna. Í því sambandi má nefna að embættið sendi í byrjun sumars spurningalista til allra sveitarfélaga um ýmis atriði varðandi fyrirkomulag vinnuskóla sveitarfélaganna. Embættið átti í öflugum samstarfi við Hagstofu Íslands um birtingu tölulegra upplýsinga um stöðu barna; stóð að umræðufundi í samvinnu við Dómstólasýsluna um persónuvernd barna við birtingu dóma og kom að fundi um stöðu barna með fjölþættan vanda, sem haldinn var af landspítala og Barnaverndarstofu. Þá hefur embættið lagt aukna áherslu á að auka aðgengi barna að embættinu, styrkja starf ráðgjafarhópsins, og hafið undirbúning að auknu samstarfi við börn á landsbyggðinni.

Umboðsmaður barna og starfsfólk embættisins sóttu nokkra erlenda fundi, námskeið og ráðstefnur á árinu, þar á meðal ráðstefnu EUROchild í Opatija í Króatíu. Í fyrsta skipti voru með í för fulltrúar úr ráðgjafarhópi embættisins, þær Auður Bjarnadóttir og Lilja Margrét Óskarsdóttir. Á ráðstefnunni var fjallað um þátttöku barna í ákvarðanatöku, og var mjög fróðlegt að fylgjast með fyrirlestrum en ekki síður virkri þátttöku barna á ráðstefnunni. Það er von mín að fulltrúar ráðgjafarhópsins muni taka virkari þátt í erlendu samstarfi á næstu árum.

Síðast en ekki síst voru mikilvægar ákvarðanir teknar af stjórnvöldum, sem munu styrkja embættið til framtíðar. Þar munar mestu um breytingar sem gerðar voru á lögum embættisins, sem eru til þess fallnar að skerpa á hlutverki þess auk þess sem lögfest er starfsemi ráðgjafarhópsins og sett í lög að embættið skuli halda þing um málefni barna annað hvert ár. Þá var embættinu falið nýtt verkefni í endurskoðaðri fjármálaáætlun nýrrar ríkisstjórnar, að afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður og stöðu tiltekinna hópa barna á Íslandi, meðal annars með því að setja á fót sérfræðihópa barna. Loks voru samþykktar verulega auknar fjárveitingar embættisins í fjárlögum næsta árs, sem munu gera því kleift að sækja fram með nýjum krafti á komandi misserum.

Í starfi embættisins hef ég lagt áherslu á virka samvinnu og samtal við alla þá sem vinna að hagsmunum barna enda embættið fámennt og málaflökkurinn stór. Í því skyni heimsótti ég ásamt starfsmönnum embættisins fjölmargar stofnanir og félagasamtök á árinu og átti samtal við stjórnvöld, þingmenn, sveitarstjórnarmenn, forsvarsmenn fyrirtækja, skólafólk, fræðimenn, og aðra þá sem koma að málefnum barna á ólíkum sviðum samfélagsins. Viðbrögð við ábendingum og málaleitan embættisins hafa einkennst af velvilja og áhuga, sem er vonandi til marks um aukinn skilning á réttindum barna í samfélaginu. Það er því full ástæða til að horfa til næstu missera með bjartsýni.

Reykjavík 1. september 2018

Salvör Nordal

Efnisyfirlit

STARFSEMI EMBÆTTISINS	7
Hlutverk umboðsmanns barna	7
Starfsfólk umboðsmanns barna	7
Fjárveitingar	8
Erindi til umboðsmanns barna	8
Erindi frá börnum	9
Vefmiðlar	9
Fjölmíðlaumfjöllun	10
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna	10
Lýðræðisþing barna	12
Ráðstefna Eurochild	12
Krakkakosningar	12
Fíasól í samstarfi við umboðsmann barna	13
Umsagnir og álit	14
Erlent samstarf	14
Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum	14
Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)	14
Ráðstefna um innleiðingu banns við líkamlegum refsingum	14
Endurskoðun laga um umboðsmann barna.	15
Samstarf við Alþingi	16
Talsmenn barna á Alþingi	16
Fundur með þingflokki	16
Barnamenningarsjóður	17

Efnisyfirlit

Verkefni á árinu	17
Tölur um börn – samstarf við Hagstofu.	17
Þátttaka barna á vinnumarkaði – úttekt og málþing	18
Vernd barna í fjölmiðlum	19
Persónuvernd barna	22
Birting dóma og verndun friðhelgi barna	22
Skjánotkun – viðmið fyrir foreldra.	23
Stefna í málefnum ungmenna	23
Íþróttir og #METOO	25
Börn með fjölþættan vanda	26
Vinnustofa um málefni barna og ungmenna með fíknivanda	27
Frelssisvipting barna	27
Fundur með landlækni	27
Umræða um umskurð drengja	28
Sérfræðihópur fatlaðra barna.	28
Börn sem umsækjendur um alþjóðlega vernd	28
Innöndurtæki fyrir börn	29
Skólaskylda og skólaforðun – réttur barna til menntunar.	29
Fræðsluskylda	31
Mötuneyti skóla og aðskilnaður nemenda	32
Barnasáttmálinn.is	33
Viðauki II Málþing og ráðstefnur	34

STARFSEMI EMBÆTTISINS

Hlutverk umboðsmanns barna

Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 en honum er ætlað að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni þeirra, þarfir og réttindi í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn. Skal umboðsmaður einkum eiga frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna, fylgjast með þróun og túlkun Barnasáttmálans ásamt því að stuðla að því að hann sé virtur, sem og aðrir alþjóðasamningar sem varða réttindi og velferð barna. Umboðsmaður barna skal vinna að því að tekið sé fullt tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er á réttindum þeirra. Þá er umboðsmanni ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða málefni barna. Einnig felst í hlutverki umboðsmanns að kynna fyrir almenningi löggjöf sem varðar börn sérstaklega.

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna en erindi frá börnum njóta forgangs. Umboðsmanni barna er ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eins og ágreining milli barna og foreldra, eða forsjáraðila og stofnana, eða hafa afskipti af málefnum einstakra barna sem þegar eru til meðferðar hjá öðrum stjórnvöldum eða stofnunum. Umboðsmanni er skylt að leiðbeina þeim sem til hans leita um þær leiðir sem færar eru hjá stjórnslunni eða dómstólum.

[Á vefsíðu embættisins má lesa nánar um hlutverk umboðsmanns.](#)

Starfsfólk umboðsmanns barna

Salvör Nordal, heimspekingur, er umboðsmaður barna, og hefur hún gegnt embætti frá 1. júlí 2017. Aðrir starfsmenn embættisins eru Eðvald Einar Stefánsson, sérfræðingur, og lögfræðingarnir Guðríður Bolladóttir og Stella Hallsdóttir. Guðríður kom til starfa tímabundið úr félagsmálaráðuneytinu á fyrri hluta árs en kom alfarið til embættisins í nóvember. Stella var ráðin í fullt starf frá áramótum en hún lauk meistaraþrófi í febrúar en hafði árið áður verið í starfsnámi hjá embættinu. Þá starfaði Sjöfn Hilmarsdóttir við embættið í janúar.

Á árinu voru fjórir háskólanemar frá Háskóla Íslands í starfsnámi hjá umboðsmanni barna, einn stundaði nám í lögfræði og þrír í uppeldis- og menntunarfræði.

4. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

Fjárveitingar

Fjárveitingar ársins voru um 53,3 milljónir, og hafa hækkað lítillega milli ára. Sjá töflu.

Ár	Framlag úr ríkissjóði*
2014	42,3
2015	44,2
2016	47,9
2017	51,7
2018	53,3

* í milljónum króna

Erindi til umboðsmanns barna

Daglega berast embætti umboðsmanns barna erindi af margvíslegum toga frá börnum og fullorðnum, stofnunum, félagasamtökum og fjölmiðlum. Erindin eru mörg og fjölbreytt enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru meira áberandi en aðrir eins og t.d. forsjár- og umgengnismál, mál sem varða lögheimili barna, skólamál, barnavernd og heilbrigðisþjónusta. Þá hafa færst í aukana fyrirspurnir um rétt barna til friðhelgi einkalífs með aukinni notkun samfélagsmiðla.

Á árinu 2018 bárust 1419 erindi til umboðsmanns barna, þar af voru 628 munnleg og 791 skrifleg. Af þessum erindum voru 155 frá börnum. Með munnlegum erindum er átt við símtöl sem embættinu berast og viðtöl við einstaklinga, sem eiga sér stað á skrifstofu þess. Skrifleg erindi eru bréf, tölvupóstur og skilaboð á samfélagsmiðlum. Þar að auki berast umboðsmanni barna reglulega ábendingar, upplýsingar og boð á viðburði.


Erindi 2018

Skrifleg erindi*	791
Munnleg erindi	628
Samtals	1419

* þar af 155 frá börnum

Í töflu 1 má sjá þróun varðandi fjölda erinda síðustu fimm ár.

Tafla 1. Fjöldi erinda síðustu fimm ár.



Erindi frá börnum

Frá stofnun embættis umboðsmanns barna hefur rík áhersla verið lögð á að ná til barna og ungmenna til þess að fræða þau um réttindi þeirra, heyra skoðanir þeirra, og fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti, sem vinnur í þágu barna, að aðgengi fyrir börn sé tryggt, og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna. Embættið kappkostar að svara þeim börnum sem til þess leita eins fljótt og unnt er, og þeim er heitið fullum trúnaði. Starfsfólk embættisins er þó bundið tilkynningarskyldu barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Flest erindi frá börnum berast með tölvupósti á netfangið ub@barn.is, eða í gegnum vefsíðuna, undir liðnum *spurt og svarað*. Þegar erindi berst eftir síðari leiðinni getur viðkomandi valið að fá svar í tölvupósti eða á heimasíðu embættisins. Ekki er gerð krafa um að börn gefi upp nafn eða aðrar persónuupplýsingar. Til skoðunar er að gera börnum kleift að hafa samband með öðrum leiðum, eins og til dæmis í gegnum netspjall á vefsíðu embættisins. Þá eru dæmi um að börn komi á skrifstofu embættisins og óski eftir upplýsingum og aðstoð. Umboðsmaður barna hefur leitast við að aðlagða húsnæði sitt að þörfum barna en skrifstofan er vel merkt og staðsett miðsvæðis í Reykjavík.

Umboðsmaður barna leitast einnig eftir að eiga samskipti við börn með öðrum hætti, t.d. með því að fara í heimsóknir og halda kynningar.

Dæmi um spurningar frá börnum og ungmennum

Mega foreldrar tala við börnin sín með ógnandi rödd? Mamma mín vill setja eitthvað app í símann minn svo hún geti stjórnað frá sínum síma hvenær ég má vera í símanum. Ég er ekki oft í símanum því ég hef ekki mikinn tíma til þess. Þannig ég spyr má hún gera það?

Þarf að byrja að borga skatta á 16. ári eða þegar maður verður 16 ára?

Má mamma mín ráða hvort ég má fá kærasta eða ekki?

Má ég kjósa á 18. ári eða eftir 18 afmælisdaginn?

Hvernig get ég orðið sjálfráða fyrir 18, hef alltaf séð um mig sjálf. Ég vil geta flutt út (leigt íbúð)

Mega foreldrar þrýsta á mann að gera eitthvað sem maður vill ekki og banna manni að hætta að spila á hljóðfæri?

Vefmiðlar

Vefsíða embættisins, www.barn.is¹ skiptist í tvo hluta, þ.e. aðalsíðu og barna- og unglingasíðu. Á aðalsíðunni má finna upplýsingar um starfsemi embættisins. Þar eru einnig margvíslegar upplýsingar um réttindi barna, gildandi lög og reglur sem og upplýsingar um stofnanir og samtök sem koma að málefnum barna.

Barna- og unglingasíðunni er ætlað að veita börnum og unglingum upplýsingar og ráðgjöf um réttindi sín á einfaldan og aðgengilegan hátt. Á síðunni er auk þess að finna upplýsingar og leiðbeiningar hvert hægt er að leita eftir frekari aðstoð. Vefsíðan er jafnframt vettvangur fyrir börn og unglinga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri með ábendingum eða fyrirspurnum. Ný heimasíða embættisins verður tekin í gagnið árið 2020 með breyttum áherslum og nýjum samskiptaleiðum.


Embættið er einnig virkt á samfélagssíðunni „Facebook“, og þar er hægt að senda skilaboð og fá svör.

¹ Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum www.umbodsmadurbarna.is.

Fjölmiðlaumfjöllun

Undanfarin ár hefur umboðsmaður barna notað þjónustu Fjölmiðlavaktarinnar til að vakta umfjöllun um embættið í útvarpi, sjónvarpi, blöðum og á netmiðlum. Embættið var meira áberandi í fréttum árið 2018 í samanburði við 2017. Umboðsmaður barna var númer 270 á lista yfir algengustu fyrirtækin í umfjöllun fjölmiðla árið 2018 en númer 311 árið 2017.

Á meðfylgjandi myndum má sjá samanburð í þróun fréttu árið 2018 í samanburði við árið 2017.



Mynd 1: Þróun fjölda fréttu árið 2018 í samanburði við árið 2017.

Tafla 1: Þróun fjölda fréttu árið 2018 í samanburði við árið 2017 eftir miðlum.

	2017	2018
Netmiðlar	88	157
Prentmiðlar	34	66
Sérvefir	6	8
Sjónvarp/Útvarp	12	31
Samtals	140	262

[12. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er ungmennaráð embættisins og ráðgefandi aðili um málefni barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Í hópnum eru unglingar á aldrinum 13-15 ára, sem hittast að jafnaði einu sinni í mánuði. Á árinu voru 12 virkir ráðgjafar og haldnir voru tíu fundir á árinu, en auk þess sóttu fulltrúar hópsins fundi með ráðamönnum, héldu fræðsluerindi og undirbúningsfundi fyrir ýmsa viðburði.

Þann 8. maí stóð velferðarráðuneytið fyrir ráðstefnu um snemmtæka íhlutun í málefnum barna á Íslandi. Þar fluttu fulltrúar ráðgjafarhópsins, Auður Bjarnadóttir og Þórdís Ösp Melsted, erindi um réttindi barna og ræddu mikilvægi þess að eiga samtál við börn og ungmenni um málefni sem varða þau beint. Auður og Þórdís náðu

afar vel til ráðstefnugesta, sem gáfu erindi þeirra góðan gaum.

Menntamál voru áberandi í umræðu ráðgjafarhópsins en tveir fulltrúar hans, Auður Bjarnadóttir og Rakel Sól Pétursdóttir, sátu samráðsfund mennta-



og menningarmálaráðuneytis, sem boðað var til eftir að mistök áttu sér stað við framkvæmd rafrænna samræmdra prófa. Í kjölfarið var skipaður starfshópur um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa. Var Lilja Hrönn Önnudóttir og Hrannardóttir tilnefnd í þann hóp sem aðalmaður en Eðvald Einar Stefánsson sem varamaður. Sú vinna krafðist hins vegar mikillar þátttöku og var fyrirhugað að funda á tímum sem ekki hentuðu ungmennum vegna skólasóknar og því tók Eðvald Einar við sem aðalmaður. Þá tóku fulltrúar hópsins þátt í samráðsfundi starfshóps um samræmd könnunarpróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem haldinn var 7. nóvember.

Í september átti hópurinn fund með mennta- og menningarmálaráðherra þar sem ráðgjafarnir ræddu um rétt barna til menntunar og hvað ætti að hafa í huga þegar samráð væri haft við ungmenni. Í framhaldinu afhentu þau ráðherra plaggið „Hagnýt ráð til ráðamanna þegar ungmenni eru boðuð á fund“. Ráðin sneru meðal annars að tímasetningu þegar óskað væri eftir þátttöku ungmenna, að fundir væru á tíma sem hentaði þeim.

Á fundi um atvinnuþátttöku barna og ungmenna, í lok árs, fluttu tveir fulltrúar hópsins erindi, þau Vigdís Sóley Vignisdóttir og Kristján Helgason. Þau fjölluðu um reynslu sína af þátttöku á vinnumarkaði og vinnuskóla og sögðu þörf vera á að bæta fræðslu fyrir ungmenni, svo þau yrðu ekki hlunnfarin á vinnumarkaði, eins og dæmi væru um. Þar kom fram að börn vissu yfirleitt ekki hvernig leita ætti réttar síns á vinnumarkaði. Unglingar fengu góð tækifæri og dýrmæta reynslu á vinnumarkaði en bæta þyrfti fræðslu til þeirra.

Ákveðin vitundarvakning hefur átt sér stað um réttindi barna og mikilvægi þess að þau fái að láta skoðanir sínar í ljós á þeim málefnum sem þau varða beint. Ráðgjafarhópurinn fær því iðulega boð á nefndarfundi hjá Alþingi, eins og áður nefnt fundarboð velferðarnefndar vegna frumvarps til breytinga á lögum um umboðsmann barna. Þá fékk ráðgjafarhópurinn boð um að taka þátt í opnum samráðsfundi um skýrslu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem haldinn var af vinnuhópi stjórnarráðsins, sem vann að gerð skýrslunnar.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna hefur einnig átt gott samstarf við ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og ungmennaráð UNICEF á Íslandi.

13. gr. Barnasáttmálans

Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

Lýðræðisþing barna

Á árinu leitaði umboðsmaður barna eftir samvinnu við tvo grunnskóla, Landakotsskóla og Laugarnesskóla, um að halda lýðræðisþing. Hugmyndin var að virkja sem flesta nemendur til samræðu og gera tilraunir með mismunandi fyrirkomulag funda. Ráðgjafar úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna tóku þátt í verkefninu og voru með fræðslu fyrir nemendur í efri bekkjum, sem stjórnðu umræðum á borðum.

Vonir standa til að fleiri skólar nýti sér þessa leið og veiti börnum tækifæri til að tjá sig um þau málefni sem þau varða. Áætlað er að lýðræðisþing verði fastur liður í starfi framangreindra skóla.



Ráðstefna Eurochild

Salvör Nordal, umboðsmaður barna, tók þátt í ráðstefnu Eurochild þar sem fjallað var um þátttöku barna, ásamt tveimur fulltrúum úr ráðgjafarhóp umboðsmanns barna, þeim Auði Bjarnadóttur og Lilju Margréti Óskarsdóttur. Ráðstefnan var haldin í borginni Opatija í Króatíu, og voru þátttakendur um 300 frá 39 löndum, og þar af voru um 100 börn.

Skilaboð barnanna, sem tóku þátt, voru að þau væru ekki einungis að huga að eigin réttindum heldur réttindum allra barna, að það þurfi að taka börn og skoðanir þeirra alvarlega.

Þetta er fyrsta erlenda ráðstefnan þar sem fulltrúar úr ráðgjafarhópnum taka þátt ásamt umboðsmanni barna. Embættið leggur mikla áherslu á að börn fái tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og að þeirra sjónarmið hafi vægi í opinberri umræðu og í samfélaginu.

Krakkakosningar

Kosningar til sveitarstjórna fóru fram á árinu og var enn blásið til [Krakkakosninga](#) í samstarfi við KrakkaRÚV, og var þetta í fjórða sinn. Lögð var áhersla á að leita eftir skoðunum barna á sveitarstjórnarmálefnum, eins og skólamállum, íþróttastarfi og skipulags- og umhverfismálum.

Bréf voru send til allra grunnskóla þar sem verkefnið var kynnt og nemendur beðnir um að svara annarri eða báðum af eftirfarandi spurningum:

1. Ef þú værir sveitarstjóri/bæjarstjóri/borgarstjóri, hvað væri það fyrsta sem þú myndir gera til að gera samfélagið barnvænna?
2. Hvað er mikilvægast að laga í þínu hverfi?

Einnig var hægt að senda svör í gegnum vefpóst umboðsmanns, og bárust svör frá 7. bekk í Lundaskóla og 7. og 8. bekk Laugarlækjaskóla.

Dæmi um svör sem bárust:

Ef við værum borgarstjóri myndum við leggja meiri áherslu á að kenna börnum muninn á kynferðislegu ofbeldi/áreitni og misskilningi. Líka að taka harðar á kynferðisofbeldi sem er alvarlegt eða sannað.

Gera betri leikvelli og betri fótboltavelli

Setja skatta á bensín- og olíubíla og lækka gjöld á rafmagnsbílum

Setja fleiri ruslatunnur á ljósastaurana

Hætta að nota plastpoka og plaströr og nota margnota í staðinn

Hafa betri skólamáltíðir

Fíasól í samstarfi við umboðsmann barna

Á árinu átti embættið samstarf við Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, rithöfund, sem skrifað hefur sjö bækur um hina sjálfstæðu og hugmyndaríku Fíasól. Í bókinni Fíasól gefst aldrei upp, sem kom út á haustmánuðum árið 2018, leitar Fíasól til umboðsmanns barna og fær ráðgjöf og stofnar í kjölfarið hjálparveit fyrir börn í erfiðleikum. Í bókinni er fjallað um réttindi barna á einstakan hátt að hætti Fíasólar. Lesendur fá innsýn í starf umboðsmanns barna og upplýsingar um þá aðstoð sem embættið getur veitt börnum.

[17. gr. Barnasáttmálans \(c. liður\)](#)

Aðildarríki skulu...stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift.



Umsagnir og álit

Mikilvægur þáttur í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Einnig kemur fyrir að óskað er eftir umsögnum um drög að frumvörpum eða reglugerðum, sem eru í vinnslu hjá ráðuneytum. Listi yfir umsagnir sem veittar hafa verið á árinu 2018 er að finna í Viðauka I.

[1.mgr. 3. gr. Barnasáttmálans](#)

Pað sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Erlent samstarf

Umboðsmaður barna á í margvíslegu samstarfi við sambærileg embætti í öðrum löndum, sérstaklega á Norðurlöndunum og í Evrópu. Þá sækir umboðsmaður ýmsa fundi og ráðstefnur á alþjóðlegum vettvangi.

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum

Umboðsmenn barna á Norðurlöndunum funda ár hvert, og hafa þeir fundir reynst mikilvægir í starfi embættanna. Á fundunum á sér stað umræða um margvísleg málefni og ræddir eru möguleikar á frekara samráði og samvinnu milli Norðurlandanna. Fundur ársins var haldinn dagana 24.-25. maí í Stokkhólmi. Guðríður Bolladóttir, lögfræðingur, sótti fundinn fyrir hönd embættisins.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna fór fram í París 19.-21. september. Áhersla var lögð á geðheilbrigði barna og rétt þeirra til nauðsynlegrar geðheilbrigðisþjónustu. Á fundinum voru samþykktar ályktanir um geðheilbrigði barna, ættleiðingar og rétt barna á faraldsfæti til menntunar. Salvör Nordal sótti fundinn.

Ráðstefna um innleiðingu banns við líkamlegum refsingum

Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi dagana 15.-16. nóvember í tengslum við samstarf Norðurlandanna við Eystrasaltslöndin. Salvör Nordal sótti ráðstefnuna, og hélt stutt erindi á málstofu, og tók þátt í hringborðsumræðum um efnið.



Endurskoðun laga um umboðsmann barna

Vorið 2018 hófst endurskoðun á lögum um umboðsmann barna, en þau hafa verið óbreytt frá setningu þeirra árið 1994. Frumvarp um breytingar á lögnum var lagt fram af forsætisráðherra í september og samþykkt á Alþingi þann 13. desember.

Meginmarkmið með endurskoðun laganna er að efla þátttöku barna og styrkja embættið. Meðal helstu nýmæla er að umboðsmanni barna er falið að afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður og stöðu tiltekinnna hópa barna á Íslandi. Í vor undirrituðu embættið og Hagstofan viljayfirlýsingu þess efnis að hefja undirbúning þeirrar vinnslu. Með breytingunum var lögfest sú skylda umboðsmanns að hafa virkt samráð við börn ásamt því að hafa hóp barna sér til ráðgjafar. Slíkur hópur hefur starfað við embættið um árabil (sjá nánar hér; [Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna](#)). Þá er embættinu jafnframt falið að hafa eftirlit með innleiðingu Barnasáttmálans og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Þá verður umboðsmanni barna falið að halda þing um málefni barna annað hvert ár þar sem farið verður yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku barna í skipulagningu þingsins og framkvæmd þess. Fyrsta barnþingið verður haldið í nóvember 2019 en umboðsmaður barna hefur nú þegar hafið vinnu við skipulagningu þingsins.



Lögin í heild sinni með breytingum er hægt að skoða á vefsíðunni [barn.is](#).

Í umræðum þingmanna og nefndaráliti velferðarnefndar við afgreiðslu lagabreytinganna kom fram mikill einhugur meðal þingmanna um að styrkja embætti umboðsmanns barna, og tryggja þannig börnum á Íslandi öflugan málsvara. Þá kom fram skýr vilji þingmanna um aukið samráð við börn í starfi þingsins og var fulltrúum úr ráðgjafarhópi umboðsmanns boðið á fund velferðarnefndar til samráðs um fyrirhugaðar lagabreytingar. Í álit velferðarnefndar við afgreiðslu frumvarpsins var sérstaklega fjallað um þær áherslur sem þar komu fram. Nefndin áréttaði nauðsyn þess: „Að Alþingi hefði reglulegt og raunverulegt samráð við börn þegar til umfjöllunar væru mál sem snerta hagsmuni þeirra. Sérstaklega var vísað til þess sem ungmennin komu

á framfæri að vefsíður og skjöl Alþingis væru ekki alltaf nógu aðgengileg, en jafnframt að styrkja þyrfti fræðslu til barna um lýðræðisþátttöku svo að þeim væri gert auðveldara að afla sér upplýsinga og hafa áhrif á framgang mála á Alþingi. Telur nefndin þetta mikilvæga þróun sem öflugra embætti umboðsmanns barna muni reynast traustur bandamaður í.“

Samstarf við Alþingi

Í upphafi árs bauð umboðsmaður barna nýjum þingmönnum á kynningarfund á skrifstofu embættisins. Tíu þingmenn úr þremur flokkum þáðu boðið, en þetta er í þriðja sinn sem embættið heldur slíka kynningu.

Markmiðið var að kynna embættið og þau málefni sem helst brenna á því. Lilja Hrönn Önnudóttir og Hrannardóttir, fulltrúi úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna, kynnti starf hópsins og fræddi þingmenn um réttindi barna. Einnig voru þingmenn minntir á að leita ávallt eftir álit barna áður en ákvarðanir, sem hafa áhrif á þau, væru teknar.



Talsmenn barna á Alþingi

Þann 19. mars undirrituðu átta þingmenn yfirlýsingu þar sem þeir skuldbundu sig að hafa Barnasáttmálann og hagsmuni barna að leiðarljósi í störfum sínum á þinginu. Þar með gerðust þeir [talsmenn barna á Alþingi](#). Umboðsmaður barna, Barnaheill – Save the children á Íslandi og Unicef á Íslandi skipa talsmenn barna á Alþingi.

31. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

Fundur með þingflokkum

Þann 12. mars átti umboðsmaður barna fund með þingflokki Framsóknarflokksins í Alþingishúsinu, þar sem starfsemi embættisins var kynnt, og rætt var um ýmis málefni sem tengjast réttindum barna. Þá átti umboðsmaður einnig fund með þingflokki Flokks fólksins þann 19. mars þar sem rætt var um réttindi barna og tengd málefni.

Barnamenningarsjóður

Í tilefni af hundrað ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands samþykkti Alþingi í júlí 2018 að stofna Barnamenningarsjóð Íslands, sem nýtur framlaga af fjárlögum árunna 2019-2023, alls 100 milljónir kr. á ári. Markmið sjóðsins er að fjármagna og styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á verkefni sem efla samfélagsvitund og stuðla að lýðræðislegri þátttöku barna í samfélaginu og verkefnum sem stuðla að áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmálans. Salvör Nordal, umboðsmaður barna, situr í stjórn sjóðsins en varamaður hennar er Eðvald Einar Stefánsson.

Verkefni á árinu

Tölur um börn – samstarf við Hagstofu

Haustið 2017 hófst samstarf við Hagstofuna um birtingu tölfræðiupplýsinga, sem varpa ljósi á stöðu barna í íslensku samfélagi. Þær upplýsingar eru nú birtar á vef Hagstofunnar. Þar má meðal annars finna tölur um fjölda þeirra barna sem starfandi eru á íslenskum vinnumarkaði. Ásamt upplýsingum um fjölda barna sem hefur sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi, komur barna á heilsugæslu auk ítarlegra upplýsinga um skráða nemendur í grunn- og leikskóla.



Mikill fengur er í birtingu þessara gagna, sem leggja mikilvægan grunn að stefnumótun í málefnum barna. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gagnrýnt að gagnasöfnun hér á landi taki ekki til allra sviða Barnasáttmálans, og að umgjörð um vinnslu og mat á slíkum gögnum sé ekki fullnægjandi. Umboðsmaður barna og hagstofustjóri [undirrituðu yfirlýsingu](#) í tilefni af birtingu gagnanna á vef Hagstofunnar þann 28. maí þar sem kom fram að með þessari samvinnu væri verið að stíga fyrsta skrefið í heildstæðri gagnasöfnun um börn, að vonir stæðu til frekara samstarfs á næstu misserum. Í slíku samstarfi fælist að meta hvort auka þyrfti skipulega söfnun Hagstofunnar á gögnum um börn. Og hvort ástæða væri til að safna jafnframt gögnum annarra stofnana sem varða börn. Loks væri stefnt að því að upplýsingarnar verði birtar á vef umboðsmanns barna.

Þátttaka barna á vinnumarkaði – úttekt og málþing

32. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að vera verndað fyrir arðráni og vinnu sem líklegt er að því stafi hætta af eða komið gæti niður á námi þess eða skaðað heilsu þess eða líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðislegan eða félagslegan vanda.

Embætti umboðsmanns barna hefur á undanförunum árum fengið fyrirspurnir um ýmsa þætti í starfi vinnuskóla sveitarfélaga. Fyrirspurnirnar snúa m.a. að skyldu sveitarfélaga til að útvega ungmennum hlífðarfatnað, og að viðmiðum um tímakaup og skilgreiningu á starfsemi vinnuskóla. Við eftirgrennslan kom í ljós að engar heildstæðar upplýsingar lægju fyrir um þessa starfsemi, og því ákvað umboðsmaður barna að afla frekari gagna um starfsemi vinnuskóla.

Með bréfi, dags. 28. júní 2018, sendi umboðsmaður barna beiðni til allra sveitarfélaga landsins um þátttöku í rafrænni könnun um vinnuskóla, en starfsfólk embættisins sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Niðurstöður voru kynntar á fundi, sem haldinn var þann 8. nóvember, í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins og Hagstofu Íslands. Á fundinum hélt félagsmálaráðherra ávarp og fram fóru pallborðsumræður um þátttöku barna á vinnumarkaði.



Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að meirihluta ungmenna, á aldrinum 13-15 ára, stendur til boða starf í vinnuskóla sveitarfélaga, eða um 95%. Í ljós kom að talsverður munur væri á þeim launum sem ungmennum væru greidd fyrir starf í vinnuskólanum. Fæst sveitarfélög veita ungmennum endurgjöf að starfi loknu þrátt fyrir að megintilgangur vinnuskóla sé að veita þeim undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði.

Að mati umboðsmanns barna er fullt tilefni til að skerpa frekar á regluverki sem snýr að starfi vinnuskóla og samræma skipulag og starfsemina frekar milli sveitarfélaga. Þó svo að vinnuskóli sé ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga er brýnt að öllum ungmennum standi til boða þátttaka, óháð einstaklingsbundnum þáttum eða mögulegri stuðningsþörf. Þá er nauðsynlegt að virkt samráð sé haft við ungmenni um væntingar þeirra til fyrsta starfsins og reynslu þeirra af þátttöku í vinnuskólanum. Einnig er afar brýnt að sveitarfélögin uppfylli lagalegar skyldur sínar um framkvæmd áhættumats, skráningu og tilkynningu slysa, og einnig þarf að taka til skoðunar tryggingarvernd ungmenna í vinnuskólanum.

Ljóst er að efla þarf fræðslu til flokksstjóra, og annarra ábyrgra aðila, vinnuskólans á hverjum stað um lög og reglur sem snúa að vinnu barna og ungmenna, öryggisráðstöfunum og mikilvægi fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og samskipti á vinnustöðum. Það er meðal þeirra

tillagna til úrbóta sem svarendur könnunarinnar lögðu til. Ljóst er að staða sveitarfélaganna, sem starfrækja vinnuskóla, er afar misjöfn, ekki síst þegar bornir eru saman þættir á við fjárhagsstöðu og íbúasamsetningu. Því er nauðsynlegt að bæta leiðbeiningar til sveitarfélaga um hlutverk, skipulagningu og framkvæmd vinnuskólans, og leita þarfrækari leiða til samstarfs og samræmingar á þessu sviði. Embætti umboðsmanns barna hyggst fylgja þessari skýrslu eftir með áframhaldandi samtali við sveitarfélög og aðra þar til bættra aðila um þau tækifæri sem felast í vinnuskólanum til fræðslu og eflingar ungmenna. Þá hyggst embættið jafnframt framkvæma könnun meðal ungmenna, sem tekið hafa þátt í starfi vinnuskólanna.

Niðurstöður könnunarinnar um vinnuskóla sveitarfélaganna má nálgast á vefsíðunni barn.is.

1. mgr. 17. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla, og skulu þau sjá um að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði.

Vernd barna í fjölmiðlum

Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd sendu eftirfarandi bréf til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem lagt var til að sett verði inn í fjármálaáætlun sérstakt markmið, sem taki til verndar barna í fjölmiðlum.

Bréfið í heild sinni:

Reykjavík, 19. febrúar 2018

Efni: Tillaga um að nýtt markmið í 19. kafla fjármálaáætlunar um fjölmiðla

Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd leggja til að sett verði inn í 19. kafla fjármálaáætlunar um fjölmiðla, sérstakt markmið sem taki til verndar barna í fjölmiðlum, m.a. vegna aldursmats á myndefni, miðlalæsis og haturstals.

Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd telja að móta þurfi heildstæða stefnu um börn og fjölmiðla, en engin slík stefna stjórnvalda liggur fyrir. Þá þurfi að skilgreina aðgerðaáætlun, sem byggir á stefnu stjórnvalda.

Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd hafa tekið saman yfirlit yfir stöðu mála er varða aldursmat á myndefni, miðlalæsi og álitafni er varða haturstal.

Um lög nr. 62/2006 og niðurlagningu Kvikmyndaskoðunar

Með lögum nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum var Kvikmyndaskoðun lögð niður og aldursmat á kvikmyndum, tölvuleikjum og sjónvarpsfni fært til ábyrgðaraðila, þ.e. þeirra sem framleiða kvikmyndir, sjónvarpsþætti og tölvuleiki eða hafa slíkt efni til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni hér á landi. Samkvæmt lögnum eiga slíkir ábyrgðaraðilar að setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats sem styðst við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Í verklagsreglunum skal m.a. tekið mið af sjónarmiðum um vernd barna. Verklagsreglurnar skulu vera opinberar á vefsíðu og skulu ábyrgðaraðilar færa niðurstöður mats á sýningarhæfni kvikmynda, sjónvarpsþátta og tölvuleikja í sérstakan gagnagrunn, sem almennig hefur aðgang að. Fjölmiðlanefnd er síðan gert að hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt og er í því skyni heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum og framkvæmd þeirra, skv. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Fjölmiðlanefnd benti á það í bréfi sínu til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 12. nóvember 2012 að nefndinni væri samkvæmt 2. mgr. 5. gr. heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingu kvikmynda og tölvuleiks fái hún vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða mats á sýningarhæfni kvikmynda eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr. eða óásættanleg með hliðsjón af sjónarmiðum um vernd barna. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. skal þá fara fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og fjölmiðlanefndar á sýningarhæfni kvikmynda eða tölvuleiks, og ræður afstaða fulltrúa fjölmiðlanefndar komi til ágreinings.

Þá var jafnframt í bréfinu bent á að þar sem lög nr. 62/2006 taka jafnt til kvikmynda, sjónvarpsþátta, ítarefnis og kynningarefnis í sjónvarpi, mynddiska, þáttasölusjónvarps, kvikmyndahúsa o.fl. væri ljóst að ef grunur léki á að mat á aldursmerkingu væri röng eða hefði ekki farið fram. Og að efni væri talið hafa skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðislegan þroska barna, skv. 1. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, væri nauðsynlegt fyrir fjölmiðlanefnd að geta endurmetið

umrætt skaðvænlegt efni. Við þær aðstæður þurfi fjölmiðlanefnd að meta efnið (láta fara fram endurmat), skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. Þannig tengjast ákvæði um vernd barna með beinum hætti í lögum nr. 62/2006 og lög um fjölmiðla. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. skírskotar þannig til 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla þar sem kveðið er á um vernd barna.

Í bréfinu upplýsti fjölmiðlanefnd jafnframt að hún sæi sér ekki fært að uppfylla ákvæði 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni, skv. lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 í þeim fjölmörgu tilvikum þegar nauðsynlegt væri að láta fara fram endurmat á efni ábyrgðaraðila. Fjölmiðlanefnd yrði að fá fjárveitingar til að gera samning við hollenska fyrirtækið NICAM um alþjóðlega Kijkwijzer-skoðunarkerfið til að hægt verði að nota alþjóðlegt skoðunarkerfi þeirra við endurmat á hljóð- og myndefni, enda er alþjóðlega viðurkennt skoðunarkerfi forsenda fyrir mati á efni, skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 62/2006. Erindið hefur verið ítrekað nokkrum sinnum síðan.

Í bréfi dags. 14. febrúar 2014 til mennta- og menningarmálaráðuneytis benti nefndin síðan á að samkvæmt fjárlagafrumvarpi, því sem lagt var fram á Alþingi haustið 2013, væri gert ráð fyrir fimm milljóna króna millifærslu vegna laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006, sem átti að fylgja verkefninu þegar það var fært frá Barnaverndarstofu til fjölmiðlanefndar. Sú fjárhæð hvarf í meðförum fjárlaganefndar og hefur engin fjárveiting verið ætluð til verndar börnum gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum og vegna tölvuleikja hjá íslenskum stjórnvöldum frá árinu 2013. Er það mat umboðsmanns barna og fjölmiðlanefndar að löngu sé orðið tímabært að ráðast í heildarendurskoðun á lögum 62/2006. Auk þess sem nefndin bendir á að engir fjármunir hafi verið settir í eftirlit með lögum í sjö ár, eða frá því fjölmiðlanefnd var sett á laggirnar árið 2011.

Miðlalæsi

Á Íslandi er notkun snjalltækja með því mesta sem þekkt er í heiminum. Það á einnig við um börn og ungmenni, og hefur talsvert verið rætt að undanförun hvort setja ætti reglur um notkun, t.d. skjá tíma ungra barna. Þá hefur mikið verið rætt um þróun og möguleika tækninnar og ýmislegt er varðar netöryggi. Kunnátta á snjalltæki er þó ekki nóg. Það er ekki síður mikilvægt að kenna börnum og ungmennum að nota Internetið og fjölmiðla á gagnrýninn hátt, og kenna þeim að umgangast þessa miðla og að vera þátttakendur sem upplýstir borgarar. Hingað til hefur mikil áhersla verið lögð á þætti eins og nettengingar, tölvubúnað í skólum og á bókasófnum, og ýmislegt sem varðar netöryggi barna. Það er mat umboðsmanns barna og fjölmiðlanefndar að koma þurfi á miðlalæsi barna og ungmenna, á pólitíska dagskrá, og að mikilvægt sé að stjórnvöld marki sér stefnu um málaflokkinn.

Með hugtakinu miðlalæsi er átt við að börn og ungmenni skilji hlutverk fjölmiðla og samfélagsmiðla í lýðræðisríkjum. Jafnframt að þau skilji mikilvægi þess að fjölmiðlar geti rækt skyldu sína í samfélaginu og orðið að gagni til að miðla réttum upplýsingum, og út frá mörgum sjónarhornum. Börn og ungmenni verða að geta með gagnrýnum hætti notað ólíka miðla og skilið hvaða hagsmunir liggja að baki upplýsingum og/eða sjónarmiðum sem komið er á framfæri. Þar með talið hlutverk áhrifavalda, sem oft eru óbeint að auglýsa vörur og þjónustu. Þá verða þau að læra að nota miðlana til að koma skoðunum sínum á framfæri, og til að geta tekið þátt í lýðræðislegri umræðu.

Það er mat umboðsmanns barna og fjölmiðlanefndar að líta skuli til Norðurlanda í þessu sambandi, sérstaklega til Finnlands, þegar unnin er stefnumótun um miðlalæsi. Í finnskri stefnumótun var ákveðið að búa til stefnu um vernd barna og miðlalæsi, þ.e. að horfa á allan málaflokkinn í heild. Reynslan sýnir að það er ekki nóg að gefa börnum og ungmennum kost á að læra að nýta nýja tækni án þess að þeim sé kennt að nýta hana þannig að það hafi ekki skaðleg áhrif á einstaklingana sjálfa, aðra eða samfélagið í heild. Við stefnumótun í Finnlandi var lítið svo á að miðlalæsi tengdist menningu og menningarstefnu með skýrum hætti þar sem miðlalæsi er þáttur í því að viðhalda menningu, treysta menningu og skapa menningu, og er sem slík undirstaða þess að viðhalda samfélagi og tryggja lýðræði.

Í Finnlandi og á Norðurlöndunum öllum er talið að góðar rannsóknir og þekking á fjölmiðlum, fjölmiðlamarkaði, og gildi fjölmiðla, sé forsenda þess að hægt sé að móta stefnu og fara eftir henni. Markmið stefnumótunarinnar er fjórþætt. Í fyrsta lagi þarf hún að ná til barna og ungmenna sérstaklega. Þetta er spurning um að raddir barna og ungmenna fái að heyrast í samfélaginu. Því er mikilvægt að leyfa þeim að taka þátt í því að móta stefnuna. Í öðru lagi er talið mikilvægt að ábyrgð á framkvæmd eftir að stefnan hefur verið mótuð sé hjá einhverjum sem er miðlægur, hefur fjárveitingar og starfsfólk, hjá stofnun þar sem þekking byggist upp, og er viðhaldið. Á Norðurlöndunum er reynslan sú að alls kyns félagasamtök hafa gert frábæra hluti er varðar miðlalæsi. Vandamálið er hins vegar að þegar fjármunir eða styrkir eru á þrotum stöðvast verkefni, dýrmæt þekking glatast og þá þarf að byrja aftur upp á nýtt. Félagasamtök og aðrir sem hafa yfir litlum fjármunum að ráða, og þurfa styrki, hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að viðhalda verkefnum og þróa þau áfram. Þannig þarf framkvæmdin að vera með þeim hætti að ekki sé hætta á því að

þekking glatist og að mikilvæg verkefni séu lögð niður. Finnar ákváðu að leysa þetta með því að setja á fót stofnun þar sem málaflokkurinn í heild ætti heima. Í þriðja lagi er mikilvægt að hlustað sé á alla sem hafa þekkingu á miðlalæsi og á þá sem eru að vinna í málum tengdum miðlalæsi. Á þann hátt hefur tengslanet í Finnlandi verið sett á laggirnar, sem er viðhaldið af miðlægri stofnun (KAVI) með góðum árangri. Það er talið skipta máli að einhver sem hefur þekkingu geti tekið saman niðurstöður rannsókna, og miðlað þeim áfram. Í fjórða lagi þarf að koma miðlalæsi ofar á forgangslistann og stjórnvöld þurfa að líta á það sem mikilvægan málaflokk, og lið í því að viðhalda og halda áfram að byggja upp lýðræði og menningu.

Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd telja að mikilvægt sé að Ísland feti í fótspor Norðurlandanna og setji á stefnuskrá metnaðarfulla stefnu um miðlalæsi, og að henni verði markvisst fylgt eftir.

Haturstal

Á Norðurlöndunum hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að því að sporna gegn haturstali. Fjölmiðlaeftirlit á Norðurlöndunum hefur fengið það verkefni að kortleggja hatursorðræðu á Netinu. Komið hefur í ljós að vandinn er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða hatursorðræðu sem beinist gegn ákveðnum hópi eða hópum manna. Slík orðræða er skaðleg samfélaginu þar sem hún elur á fordómum. Sem getur síðan leitt til tortryggni gegn ákveðnum hópum, sem síðan getur haft skaðleg áhrif á lýðræði og samheldni í sérhverju samfélagi. Í verstu tilvikum getur slík orðræða sem látin er ótalin leitt til aukins ofbeldis í samfélaginu. Það er því talið vera að hluta til á ábyrgð samfélagsins að vinna gegn hatursorðræðu, og að sporna gegn því að ófgafullir hópar fái þrífist. Mikilvægt er að kortleggja hana, hverjir viðhafa slíka umræðu, að hverjum hún beinist og finna leiðir til að sporna gegn henni. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að sumir einstaklingar eru móttækilegri fyrir hatursfullum boðskap en aðrir og eru jafnvel tilbúnir til að ganga til liðs við ófgahópa og vinna óhæfuverk. Því þarf að skoða sérstaklega hvaða einstaklingar þetta eru, og hvað er til ráða.

Á Norðurlöndunum hefur sérstaklega verið rannsakað hvaða ófgahópar það eru sem vinna að því að fá ungt fólk til liðs við sig. Orðræða og aðferðafræði þessara hópa hefur verið skoðað auk þess sem stofnunum er ætlað að kortleggja hvaða einstaklingar það eru sem eru líklegastir til að aðhyllast slíkar skoðanir. Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd benda á að á Íslandi sé sú staða ekki komin upp að kerfisbundið sé reynt að fá ungmenni til liðs við ófgahópa. Það er þó full ástæða til að hafa varann á, enda er þróunin á Íslandi iðulega svipuð og í nágrennaríkjunum, þó að hlutirnir gerist hægar. Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd telja mikilvægt að unnin verði stefna til að sporna gegn haturstali. Í því sambandi má sem dæmi nefna að fyrir skemmstu réð danska lögreglan foreldrum unglinga þar í landi frá að heimsækja félagi sína til Íslands vegna hatursfullrar orðræðu, sem hafði átt sér stað í aðdraganda ferðarinnar á lokaðri síðu á Facebook. Þessar fréttir endurspeglu litla meðvitund í íslensku samfélagi um hvað felist í haturstali og alvarleika þess. Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd telja því mikilvægt að unnin verði stefna til að vekja ungmenni til umhugsunar um haturstal til að sporna gegn því eftir fremsta megni.

Að lokum

Umboðsmaður barna og fjölmiðlanefnd vilja benda á mikilvægi þess að stefna sé mótuð, að aðgerðaáætlun verði markviss og að fjárveitingar verði tryggðar til framangreindra verkefna. Þannig telja umræddar stofnanir mikilvægt að ákvæði verði bætt inn í 19. kafla fjármálaáætlunar um fjölmiðla. Ákvæðinu verði ætlað að taka til fjárveitinga til að hafa eftirlit með aldursmati á myndefni, framkvæma stefnumótun um miðlalæsi og auka þekkingu á skaðlegum áhrifum haturstals.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal

umboðsmaður barna

Elfa Ýr Gylfadóttir

framkvstjr. Fjölmiðlanefndar

1. mgr. 16. gr. Barnasáttmálans

Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólögætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögætri árás á sæmd þess eða mannorð. Barn á rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum.

Persónuvernd barna

Umboðsmaður barna fær fjölmargar fyrirspurnir sem tengjast persónuvernd barna, frá börnum, foreldrum og fagfólki sem vinnur með börnum. Margar fyrirspurnir varða opinbera birtingu upplýsinga eða myndefnis á samfélagsmiðlum eða í fjölmiðlaumfjöllun. Af því tilefni gaf umboðsmaður barna út [viðmið](#) vegna umfjöllunar um börn á samfélagsmiðlum í samvinnu við Barnaheill – Save the Children Ísland, Fjölmiðlanefnd, Heimili og skóla,

UNICEF og SAFT. Viðmiðin eru fyrst og fremst hugsuð sem heilræði fyrir foreldra og aðra aðstandendur barna. Þar er fólk hvatt til að hugsa sig um áður en færslum um börn er deilt á samfélagsmiðlum, með friðhelgi barna að leiðarljósi, en viðmiðin byggja á grunngildum Barnasáttmálans.

Nokkrar ábendingar bárust umboðsmanni um leiki á vegum fyrirtækja þar sem börn eða foreldrar þeirra eru hvött til að deila myndum eða myndböndum á samfélagsmiðlum af börnum. Umboðsmaður barna hvetur fyrirtæki og aðra til að huga að og virða sjálfstæðan rétt barna til friðhelgi einkalífs. Mikilvægt er að vanda skipulagningu leikja eða kosninga þar sem börn geta verið þátttakendur eða hvatt er til umfjöllunar um börn eða birtingu mynda af þeim. Allt sem birtist á Netinu má finna síðar og getur haft áhrif á líf barnsins. Því er mikilvægt að leita eftir samþykki barna áður en birtar eru myndir af þeim eða til stendur að fjalla um þau með öðrum hætti. Börn geta haft mjög sterkar skoðanir á myndum eða umfjöllun sem tengist þeim þrátt fyrir ungan aldur, og ber að taka tillit til skoðana þeirra. Ef barn veitir ekki samþykki fyrir myndbirtingu eða umfjöllun ætti að taka tillit til þess og virða friðhelgi barna og rétt þeirra til að hafa áhrif á eigið líf.

Umboðsmaður barna vill einnig vekja athygli á [fræðsluefni Persónuverndar fyrir foreldra og þá sem vinna með börnum um persónuvernd barna](#). Einnig hefur Persónuvernd gefið út [fræðsluefni fyrir 13–17 ára börn um einkamál þeirra](#). Aðrar gagnlegar upplýsingar um persónuvernd barna má einnig finna á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is

Birting dóma og verndun friðhelgi barna

Umboðsmaður barna hefur ítrekað vakið athygli á því hversu ítarlegar persónuupplýsingar koma fram í dómum um alvarleg brot á börnum. Embættið átti fund í mars með stjórn Dómstólasýslunnar um hvernig gæta má betur að hagsmunum barna við meðferð mála fyrir dómstólum. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að tryggja persónuvernd barna við birtingu dóma. Í framhaldi af þeim fundi héldu umboðsmaður barna og dómstólasýslan fund þann 30. maí með fulltrúum réttarvörslukerfisins, fjölmiðlum, háskóla og helstu stofnunum og félagasamtökum, sem gæta hagsmuna barna. Á fundinum var farið yfir reglur um birtingu dóma og framkvæmdina hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. Rædd voru raunveruleg dæmi og upplýsingar úr dómum um börn sem þolendur. Þá var farið sérstaklega yfir nýjar Evrópureglur um persónuvernd. Af dæmum sem rædd voru er ljóst að nákvæmar atvikalýsingar í dómsmálum geta valdið börnum miklum sársauka auk þess eru birtar mun ítarlegri upplýsingar í dómum hér á landi miðað við nágrannalönd okkar. Erfitt getur reynst að tryggja raunverulega nafnleynd þegar fram koma persónugreinanlegar upplýsingar um einstaklinga sem búa í fámennum samfélögum. Þá skortir nokkuð á að nafnhreinsun dóma sé fullnægjandi.

Á fundinum komu fram ólík sjónarmið og þótt fundarmenn hefðu ekki verið á einu máli um leiðir til úrbóta var einhugur um mikilvægi þess að gæta hagsmuna og friðhelgi barna við birtingu dóma. Starfshópur á vegum dómstólasýslunnar vinnur nú að samræmdum reglum um birtingu dóma á öllum dómstigum, og ljóst er að umræður fundarins munu nýtast í þeirri vinnu.

Í október voru birt drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lögum um meðferð sakamála (birting dóma og myndatökur í dómshúsum) í samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpinu var meðal annars ætlað að tryggja friðhelgi barna og persónuvernd við birtingu dóma en málið var síðar tekið af dagskrá Alþingis. Það er því ljóst að það mun dragast að tryggja nauðsynlega vernd barna við birtingu dóma.

Umboðsmaður barna mun halda áfram að fylgja málinu eftir, enda mikilvægt hagsmunamál fyrir börn.

Skjánotkun – viðmið fyrir foreldra

Umboðsmaður barna tók þátt í málstofu á Læknadögum þann 19. janúar þar sem umræðuefnið var skjánotkun barna og ungmenna. Í framhaldinu kallaði umboðsmaður barna til fundar þá sem höfðu haldið framsögur og tekið þátt í pallborði á málstofunni. Markmiðið var að mynda faghóp um setningu viðmiða um skjánotkun barna. Mikill áhugi var innan hópsins sem fundaði reglulega á starfstímanum og var það niðurstaða hans að miða ekki við tímatakmarkanir á skjánotkun, enda sýna rannsóknir að það sem gert er í skjátækjum skiptir meira máli en tímalengdin. Börn nota skjátæki á margvíslegan og uppbyggilegan hátt, s.s. til að semja tónlist, búa til stuttmyndir, til að eiga í samskiptum við vini og félagar, og sækja sér fræðslu um eigin réttindi, auk ýmiss konar upplýsinga fyrir nám og daglegt líf.

Í umræddum viðmiðum er byggt á nýjustu rannsóknum og ályktunum sérfræðinga á þessu sviði. Áhersla er lögð á að skjátími bitni ekki á grunnþörfum barna eins og heilbrigðu lífverni, samveru við foreldra, nægum svefni og félagslegum samskiptum. Þá er mælt með því að foreldrar og börn setji sér eigin reglur um skjátíma á heimilum. Foreldrar eru fyrirmyndir og því afar mikilvægt að þeir hugi jafnframt að eigin skjánotkun.

Skjáviðmiðin taka mið af mismunandi aldrurskeiðum barna, og má finna meðal annars á [vefsíðu umboðsmanns barna](#). Auk umboðsmanns barna stóðu eftirfarandi aðilar að setningu viðmiðanna: Embætti landlæknis, Barnaheill – Save the Children Ísland, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heimili og skóli og SAFT. Umboðsmaður barna bindur vonir við að skjáviðmiðin nýtist sem flestum foreldrum við að eiga samtál við börn um uppbyggilega notkun skjátækja á heimilum.

Stefna í málefnum ungmenna

Í febrúarmánuði sendi umboðsmaður barna erindi til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem bent var á að ekki hefði verið mótuð heilstæð stefna í málefnum ungmenna. Í erindinu var lagt til að slík stefna yrði mótuð með það að markmiði að efla virkni ungs fólks í samfélaginu og lýðræðisþátttöku þeirra, og að markmið yrðu sett inn í fjármálaáætlun í þá veru.



Hér fyrir neðan má sjá bréfið í heild sinni:

Reykjavík, 19. febrúar 2018

Efni: Æskulýðsstefna eða stefna í málefnum ungmenna

Engin æskulýðsstefna eða stefna í málefnum ungmenna er við lýði á Íslandi – sjá <http://www.youthpolicy.org/factsheets/>. Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014 - 2018 var unnin af Æskulýðsráði, og gefin út í ágúst 2014. Sú stefnumótun tekur eingöngu til æskulýðsmála í þröngum skilningi, þ.e. starf æskulýðsfélaga í landinu en ekki til annarra þátta sem varða börn og ungmenni, s.s. menntun, atvinnuþátttöku eða almenna líðan. Sjá: https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/stefnum_aeskulydsmaal_2014.pdf.

Samkvæmt skýrslunni er gert ráð fyrir úttekt á einstökum atriðum hennar á þessu ári 2018.

Embætti umboðsmanns barna leggur til að á næstu árum verði mótuð heildstæð stefna í málefnum ungmenna og eftirfarandi markmið verði sett inn í fjármálaáætlun:

1. Mótuð verði heildstæð stefna í málefnum ungmenna sem miði að því að efla virkni ungs fólks í samfélaginu og lýðræðisþátttöku. Í slíkri stefnu verði tekið mið af þátttöku í æskulýðsstarfi, íþróttum og menningu. Einnig verði litið til geðheilbrigðismála, menntamála og fleiri þátta sem hafi afgerandi áhrif á stöðu ungmenna í samfélaginu. Jafnframt verði leitað leiða til að efla rannsóknir á sviði æskulýðsmála.

Með þessu markmiði verði stefnt að því að heildstæð drög að stefnu stjórnvalda í málefnum ungmenna liggja fyrir á kjörtímabilinu í samvinnu við helstu hagsmunaaðila með útfærðri aðgerðaáætlun. Í stjórnarsáttmála er fjallað um félagslegan ójöfnuð, forvarnir og lýðheilsu, m.a. í mennta- og heilbrigðiskerfinu og stuðning við íþróttir og æskulýðsstarf. Þessi áhersla er einnig í samræmi við þriðja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægt er að frá byrjun sé gott samráð milli ólíkra ráðuneyta, sambands íslenskra sveitarfélaga og annarra sem vinna á þessu sviði. Skipta má verkefninu niður í eftirfarandi verkþætti en í heild má ætla að mótun stefnunnar taki tvö til þrjú ár. Leitað verði leiða til að sækja þekkingu til fræða- og vísindasamfélagsins með þátttöku framhaldsnema.

Verkefnið taki til eftirfarandi þátta:

1. Erlendar fyrirmyndir. Úttekt á stefnum í málefnum ungmenna í nágrannalöndunum þar sem tekin verði afstaða til efnissviða, við hvaða aldursmörk væri miðað, og önnur álitæfni sem tengjast afmörkun verkefnisins.
2. Staða einstakra málaflokka. Mat lagt á þá málaflokka sem stefnan eigi að taka mið af. Fundir og samráð við þá sem vinna að einstökum málaflokkum. Óskað yrði eftir tillögum og athugasemdum.
3. Rannsóknir og tölulegar upplýsingar um stöðu ungs fólks. Mat á stöðu rannsókna og upplýsinga sem liggja fyrir um stöðu ungs fólks í samfélaginu. Meðal annars með gögnum úr einstökum rannsóknum, gögnum Hagstofunnar og fleiri.
4. Úrvinnsla og mat á einstökum málaflokkum. Tillögur að stefnu og aðgerðaráætlun.

Hvað er stefna í málefnum ungmenna?

Mikilvægt er að móta í upphafi þá þætti sem miðað er að í stefnu í málefnum ungmenna, og afmarka þann aldursþóp sem um ræðir. Sambærilegar stefnur stjórnvalda í nágrannalöndunum eru viðamiklar og taka til allra þátta sem varða börn og ungmenni. Á vefsíðunni www.youthpolicy.org er að finna stefnur í málefnum ungmenna í þeim löndum sem hana er að finna. Í Noregi tekur slík stefna til sex meginþátta : 1) Forvarnir, 2) Skólar og menntun, 3) Tímstundir, 4) Stuðningur við börn og ungmenni, t.d. þeirra sem eru með alvarlegar hegðunarraskanir, 5) Ungir afbrotamenn og 6) Þekking og rannsóknir. Sjá: <http://www.youthpolicy.org/factsheets/country/norway/> og http://www.youthpolicy.org/library/wpcontent/uploads/library/Norway_2003_National_Report_On_Youth_Policy_In_Norway_eng.pdf. Í Svíþjóð tekur stefnan hins vegar til menntunar, atvinnu, menningar og afþreyingar, þátttöku, heilbrigði og öryggi.

Almennt snýr stefna í málefnum ungmenna (Youth policy) að börnum og ungmennum frá 13 – 25 ára aldri og tekur til allra málefna sem varða börn og ungmenni, þvert á kerfi (cross sectoral). Meðal þeirra mála sem gott væri að taka hér upp í stefnunni er tölfræði um börn, þátttaka í samfélaginu, lýðræði, tímstundir og íþróttir, menning og listir, geðheilbrigðismál, menntamál o.s.frv. Gerð stefnu í málefnum ungmenna krefst samtals aðila sem vinna að málefnum barna og ungmenna, sem og ungmennanna sjálfra (ungmennaráða).

Virðingarfyllst, Salvör Nordal, Umboðsmaður barna

Svar barst frá ráðuneytinu með bréfi dagsettu 25. apríl. Í því kom fram að: „[þ]ótt ekki liggi fyrir heildstæð stefna um ungt fólk og málefni þess þá liggur fyrir, líkt og tekið er fram í erindi umboðsmanns, stefna Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum, sem gæti orðið hluti af heildarstefnu stjórnvalda. Málefni ungs fólks heyra undir málefnasvið margra ráðuneyta, sem og sveitarfélaga, stofnana og frjálsra félagasamtaka.“

Íþróttir og #METOO

Hópur íslenskra íþróttakvenna birti í janúar frásagnir um kynferðislegt áreitni og ofbeldi í íþróttastarfi gegn stúlkum og konum. Í framhaldinu tók umboðsmaður barna þátt í umræðu í fjölmiðlum, og átti fundi með forsvarsmönnum íþróttahreyfingarinnar, og hélt erindi um málið á Náum áttum fundi í mars. Þar var lögð áhersla á réttindi barna út frá Barnasáttmálanum með sérstakri áherslu á vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi. Farið var yfir tilkynningarskyldu barnaverndarlaga en ekki liggur fyrir hversu margar tilkynningar koma frá íþrótt- og æskulýðsfélögum þar sem það er ekki skráð sérstaklega. Að lokum var fjallað um mikilvægi þess að hlustað sé á börn sem stíga fram og þau séu ávallt upplýst um stöðu mála og næstu skref. Mikilvægt er að skapa góða umgjörð um þessi mál innan íþróttahreyfingarinnar með setningu ferla um móttöku og meðferð tilkynninga.

Í kjölfar þess að umræddar frásagnir birtust á opinberum vettvangi setti mennta- og menningarmálaráðherra á fót starfshóp um gerð aðgerðaráætlunar um viðbrögð við kynbundinni áreitni innan íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar. Embættið fagnaði þeirri ákvörðun með bréfi til ráðherra, sem fól jafnframt í sér ábendingu um að hafa nauðsynlegt samráð við börn. Þegar starfshópurinn skilaði skýrslu sinni kom í ljós, að þrátt fyrir ábendingu embættisins, hafði ekkert samráð verið haft við börn.

Frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsmála var síðan lagt fyrir Alþingi, en það byggði m.a. á skýrslu starfshópsins. Við meðferð málsins hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis kallaði nefndin ungmenni frá ungmennaráði Samfés og ráðgjafarhópi umboðsmanns barna til fundar til að fá þeirra sjónarmið og tillögur um útfærslu á ýmsum atriðum frumvarpsins. Í nefndaráliti nefndarinnar var tekið undir ábendingar umboðsmann barna, og áréttað var um mikilvægi samráðs við börn og ungmenni á fyrri stigum. Þar sagði:

„Svo virðist sem ekki hafi verið haft virkt samráð við börn og ungmenni við vinnslu frumvarpsins. Nefndin áréttar nauðsyn þess að á fyrri stigum verði sérstaklega leitað eftir sjónarmiðum þeirra. Nefndin beinir því þess vegna til stjórnvalda að huga að slíku samráði, sérstaklega í þeim málum sem varða hagsmuni þeirra.“

Umboðsmaður barna tekur undir orð nefndarinnar og vonar að raunverulegt samráð við börn og ungmenni verði sjálfsagður hluti af allri stefnumótun og ákvörðunartöku.

[1. mgr. 19. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

Efni: Starfshópur um gerð aðgerðaáætlunar um hvernig eigi að bregðast kynbundinni áreitni innan íþróttá- og æskulýðshreyfingarinnar.

Umboðsmaður barna fagnar því að ráðherra hafi ákveðið að setja á fót starfshóp um gerð aðgerðaáætlunar um hvernig eigi að bregðast við kynbundinni áreitni innan íþróttá- og æskulýðshreyfingarinnar. Samkvæmt 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er hluti af íslenskum lögum, ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmuni þeirra í forgang etc. Í þessu samhengi bendir embættið á mikilvægi þess að börn verði höfð með í ráðum við mótnun aðgerðaáætlunar í samræmi við barnasáttmála.

Embættið vonar að vinna starfshópsins muni ganga fljótt og vel fyrir sig og er reiðubúið til samráðs sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

[1. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

Börn með fjölþættan vanda

Umboðsmaður barna hefur lengi bent á að geðheilbrigðisþjónusta við börn hér á landi sé óviðunandi. Þá hefur hann ítrekað bent á nauðsyn þess að komið verði á fót úrræði fyrir börn með alvarlegan hegðunar-, vímuefna- og/ eða afbrotavanda. Verulega hefur skort á sérhæfð úrræði fyrir börn í þessari stöðu en nokkur ár eru liðin frá því tilkynnt var um áform velferðarráðuneytisins um uppbyggingu nýs meðferðarheimilis á höfuðborgarsvæðinu. Nú standa vonir til að framkvæmdir hefjist á árinu 2020. Umboðsmaður barna fagnar þessum áfanga.

[1. mgr. 33. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, stjórnslu, félagsmála og menntamála, til verndar börnum gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og skynvilluefna, svo sem þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem um þau fjalla, og til að koma í veg fyrir að börn séu notuð við ólöglega framleiðslu slíkra efna og verslun með þau.

Þá boðaði félagsmálaráðherra til heildarendurskoðunar í málefnum barna, sem nær m.a. til barnaverndarlaga, félagslegrar umgjarðar í málefnum barna og þjónustu við börn á landsvísi. Markmið endurskoðunarinnar er að tryggja að börn verði ávallt í forgrunni í allri nálgun, með snemmtækri íhlutun og samfelli í þjónustu við börn. Að mati umboðsmanns barna er um mikilvægan áfanga að ræða. Hann hefur sótt fundi, málþing og verið þátttakandi í vinnuhópum til að leggja málefnið lið. Vinnan mun halda áfram á næsta ári og mun umboðsmaður leggja þar sitt af mörkum.

Vinnustofa um málefni barna og ungmenna með fíknivanda

Embættið kom að skipulagningu vinnustofu um málefni barna og ungmenna sem glíma við fíknivanda. Markmiðið var að ræða framtíðarfyrirkomulag áfengis- og vímuefna meðferðar fyrir börn og ungmenni, hvernig efla megi bráðaþjónustu og tryggja samfelli. Vinnustofan stóð í heilan dag þar sem fulltrúar frá velferðarráðuneyti, landspítala, Barnaverndarstofu, umboðsmanni barna, Reykjavíkurborg, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Olnbogabörnum, SÁÁ, Embætti landlæknis og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þar deildu þessar stofnanir þekkingu sinni og reynslu, og ræddu hvað betur mætti fara og hvaða leiðir til úrbóta kæmu til greina. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/06/18/Fra-vinnustofu-um-malefni-barna-sem-glima-vid-neysluvanda/>

[1. mgr. 37. gr. Barnasáttmálans \(b. liður\).](#)

Ekkert barn sé ólöglega eða gerræðislega svipt frjálstræði sínu. Handtaka, varðhald og fangelsun barns skal eiga sér stað samkvæmt lögum, og skal slíku aðeins beitt sem síðasta úrræði og í skemmsta tíma sem við getur átt.

Frelsisvipting barna

Á árinu birtust nokkrar fréttir í fjölmiðlum um vistun barna með alvarlegan fíkní- eða geðvanda í fangaklefa lögreglu vegna skorts á viðeigandi úrræði. Í apríl aflaði umboðsmaður upplýsinga um tiltekið mál hjá Barnaverndarstofu og Lögreglunni í Reykjavík, og kom því á framfæri í kjölfarið að vistun barna í fangaklefum væri algjörlega óásættanleg ráðstöfun og ekki í samræmi við meginreglur [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#). Þá benti umboðsmaður á að leita þurfi allra leiða til að koma í veg fyrir að slíkar aðstæður skapist á ný. [Velferðarráðuneytið](#) ber ábyrgð á að til staðar séu heimili og stofnanir til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum eða að börnum sé veitt sérhæfð meðferð vegna alvarlegra hegðunarefiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota, sbr. 79. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Umboðsmaður barna átti meðal annars fundi með lögreglustjóra vegna þessara mála og lagði hann þar áherslu á að komið væri í veg fyrir vistun barna í fangaklefum.

Fundur með landlækni

Umboðsmaður barna fundaði með landlækni í nóvember í kjölfar umfjöllunar um barn í geðrofi sem vísað var frá Sjúkrahúsinu á Akureyri og vistað í fangaklefa næturlangt. Á þeim fundi afhenti umboðsmaður eftirfarandi bréf þar sem þess var óskað að landlæknir tæki til skoðunar málsatvik og gerði sjálfstæða athugun á viðbrögðum sjúkrahússins í umræddu tilviki. Bréfið er birt hér fyrir neðan en viðkvæmar persónuupplýsingar hafa verið fjarlægðar.

Landlæknir

Velferðarráðuneytið - heilbrigðisráðherra

Reykjavík, 6. nóvember 2018

Efni: Fyrirspurn vegna barns í geðrofi sem vísað var frá Sjúkrahúsinu á Akureyri og vistað í fangaklefa næturlangt.

Í fréttum frá 10. október sl.[1] var fjallað um mál 17 ára stúlku sem hafði verið vísað frá Sjúkrahúsinu á Akureyri í lok september þar sem hún var sögð of veik til þess að leggjast inn, bæði á geðsvið og barnadeild sjúkrahússins. Var hún því vistuð næturlangt í fangaklefa.

Þetta er í annað skiptið á árinu sem slíkar fregnir berast af því í fjölmiðlum að barn sé vistað í fangaklefa þar sem viðeigandi úrræði er ekki til staðar, þótt dæmin séu vafalaust fleiri. Að mati umboðsmanns barna er vistun barna í fangaklefum algjörlega óásættanleg ráðstöfun og ekki í samræmi við meginreglur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og nauðsynlegt er að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að slíkar aðstæður skapist.[2]

Með vísan til 4. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 óskar umboðsmaður barna eftir því að hann kanni málsatvik og geri sjálfstæða athugun á því hvernig sjúkrahúsið hafi brugðist við í umræddu tilviki varðandi sjúkling. Hverjar séu ástæður þess að heilbrigðisstarfsmenn sjúkrahússins töldu sér ekki fært að leggja umræddan sjúkling inn á sjúkrahúsið og hvort sú lýsing sem kom fram í umræddri frétt um að barnið hefði verið talið „of veikt“ til að leggjast inn ætti við rök að styðjast.

[Viðkvæmar persónuupplýsingar um heilsu viðkomandi barns hafa hér verið afmáðar]. Mátti sjúkrahúsið vita að líklega yrði barnið vistað í fangaklefa þar sem sjúkrahúsið var ekki tilbúið til að leggja það inn? Hver eru rétt vinnubrögð að mati landlæknis þegar sú staða kemur upp að heilbrigðisstofnun er ekki fær um að taka á móti barni í geðrofi? Í hvaða tilvikum gæti sjúkrahúsið verið heimilt að vísa veiku barni frá innlögn að mati landlæknis?

Að lokum vill umboðsmaður barna vekja athygli á því að stjórnvöldum er skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem hann óskar eftir til að hann geti sinnt hlutverki sínu, sbr. 5. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,

umboðsmaður barna

[1] https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/10/10/barn_i_gedrofi_vistad_i_fangaklefa/

[2] </frettir/2018/04/frelsisvipting-barna/>

Svar barst frá landlækni með bréfi dagsettu 16. nóvember 2018 þar sem samþykkt var að taka málið til nánari skoðunar.

Umræða um umskurð drengja

Mikil umræða átti sér stað í samfélaginu um umskurð drengja í kjölfar frumvarps til laga um breytingu á almennum hegningarlögum um bann við umskurði drengja. Mikill áhugi var á málinu erlendis og fékk umboðsmaður töluvert af fyrirspurnum frá erlendum fjölmiðlum sem fjölluðu um málið.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna, var með erindi á hádegisfundi á vegum Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um siðferðisleg álitamál varðandi umskurð drengja. Þá tók umboðsmaður þátt í ráðstefnu um umskurð drengja sem haldin var af Samráðsvettvangi trúfélaga og lífskoðunarfélaga. Á þeirri ráðstefnu fjallaði hún meðal annars um yfirlýsingu umboðsmanna barna á Norðurlöndunum um umskurð, sem lesa má á vefsíðunni barn.is.

[1. mgr. 23. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.

[1. mgr. 22. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðarréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggerningum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að.

[1. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstoð til lækni meðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

[1. mgr. 26. gr. Barnasáttmálans](#)

Aðildarríki viðurkenna rétt hvers barns til að njóta félagslegrar aðstoðar, þar með talið almannatrygginga, og skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt lögum sínum til að rétti þessum sé komið til fullra framkvæmda.

Sérfræðihópur fatlaðra barna

Embættið fékk styrkursjóðitengdum framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks til að skipuleggja sérfræðihópa fatlaðra barna. Verkefnið fékk heitið Raddir fatlaðra barna. Leitað var samstarfs við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmd verkefnisins. Markmið þess er að skapa rými og tækifæri fyrir fötluð börn og unglinga, til að ræða málefni að eigin vali, og koma með ábendingar byggðar á eigin reynslu og skoðunum. Fyrstu fundir hópsins voru í lok ársins, og er gert ráð fyrir að skýrsla með niðurstöðum hans liggi fyrir í byrjun næsta árs.

Börn sem umsækjendur um alþjóðlega vernd

Haustið 2017 hóf embættið úttekt á stöðu barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi. Óskað var eftir öllum úrskurðum úrskurðarnefndar um útlendingamál frá árinu 2017 með það að markmiði að leggja mat á meðferð umsókna barna um alþjóðlega vernd. Niðurstöður úttektarinnar voru settar fram í meistararitgerð Þórönu Ólafsdóttur, laganema við Háskóla Íslands, undir heitinu *Sjálfstæð réttindi barna við málsmeðferð og ákvarðanatöku um alþjóðlega vernd*. Þar er sérstaklega kannað hvort börnin hafi fengið upplýsingar um málsmeðferðina, hvort þau hafi haft tækifæri til að tjá sig, og hvernig mat á hagsmunum þeirra er sett fram í úrskurðum.

Niðurstöðurnar voru þær að töluvert skorti upp á viðeigandi og nauðsynlega upplýsingagjöf til barna sem komu í fylgd foreldra sinna, en það er forsenda þess að þau geti tjáð sig, og fái að hafa áhrif á málsmeðferðina. Viðtöl við fylgdarlaus börn fara fram í Barnahúsi en Útlendingastofnun tekur viðtöl við börn 15 ára og eldri sem eru í fylgd foreldra sinna. Metið er hverju sinni hvort rætt er við yngri börn. Þá er sjaldan

gert grein fyrir því í úrskurðum hvernig matið á því hvað barni er fyrir bestu hafi farið fram hverju sinni.

Á árinu heimsótti umboðsmaður barna starfsstöð Útlendingastofnunar í Hafnarfirði en stofnunin hefur bætt verulega aðstöðu þar sem viðtöl við börn fara fram.

Innöndurtæki fyrir börn

Í kjölfar ábendinga frá foreldrum barna með slímseigjusjúkdóm (Cystic Fibrosis) sendi umboðsmaður barna [bréf til velferðarráðuneytisins](#), þann 4. október 2017, með áskorun um að tryggja börnunum lífsnauðsynleg hjálpartæki þeim og forsjáraðilum að kostnaðarlausu. Í bréfinu kom fram að um íþyngjandi kostnað væri að ræða, en tækin skipta sköpum fyrir líf og heilsu barna með slímseigjusjúkdóm. Þá kom einnig fram að „samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, bæri íslenska ríkinu að leitast við að veita fötluðum og langveikum börnum þá aðstoð og þjónustu sem þau þyrftu án endurgjalds, sbr. meðal annars 23. og 24. gr. sáttmálans. Þá eiga hagsmunir barna ávallt að ráða för þegar settar eru reglur sem varða börn og tryggja skal að reglurnar mismuni ekki börnum með ómálefnalegum hætti, sbr. 2. og 3. gr. sáttmálans.“

Heilbrigðisráðherra brást við ábendingu umboðsmanns, og frá 26. október fá sjúklingar með slímseigjusjúkdóm innöndunartæki og nauðsynlega fylgihluti sér að kostnaðarlausu.

Umboðsmaður barna fagnar ákvörðun ráðherra enda mikið hagsmunamál barnanna og foreldra þeirra.

1. mgr. 28. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum:

- Koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis.
- Stuðla að þróun ýmiss konar framhaldsmenntunar, þar á meðal almennrar menntunar og starfsmenntunar, veita öllum börnum kost á að njóta hennar, og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga, svo sem með því að veita ókeypis menntun og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hennar þurfa með.
- Veita öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, með hverjum þeim ráðum sem við eiga.
- Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.
- Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

Skólaskylda og skólaforðun – réttur barna til menntunar

Umboðsmanni barna hafa á síðustu misserum borist ábendingar um að börn á skólaskyldualdri mæti ekki í skóla til lengri eða skemmri tíma eða fái ekki skólavist við hæfi. Af því tilefni sendi umboðsmaður barna eftirfarandi bréf til mennta- og menningarmálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Menntamálastofnunar.

Reykjavík, 19. mars 2018

Efni: Börn á skólaskyldualdri sem eru utan skóla

Embætti umboðsmanns barna hefur borist nokkur erindi á undanförunum árum sem varða börn á skólaskyldualdri sem af ólíkum ástæðum mæta ekki í skóla nema mjög stopult, fá ekki skólavist við hæfi eða eru jafnvel hætt í skóla. Af þessum erindum að dæma má gera ráð fyrir að nokkuð brottfall sé úr grunnskóla, þó svo að skýrt sé kveðið á um það í 3. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, að öllum börnum á aldrinum 6-16 ára sé skylt að sækja grunnskóla. Þá kveður Barnasáttmálinn, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, á um skyldu aðildarríkjana til að viðurkenna rétt barns til menntunar og ber aðildarríkjunum að sjá til þess að þessi réttur nái fram að ganga þannig að allir njóti sömu tækifæra og án mismununar af nokkru tagi, sbr. 2. og 28. gr. sáttmálans. Þá leggur Barnasáttmálinn jafnframt þær skyldur á aðildarríkin að gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

Embættið hefur á síðustu mánuðum leitað óformlega eftir upplýsingum um hversu mörg börn kunni

að vera í þessum aðstæðum en svo virðist sem ekki sé haldið skipulega utan um þær upplýsingar. Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns barna eru þau börn sem um ræðir að kljást við vanda af ýmsum toga og má leiða að því líkur að fjarvera þeirra og brotthvarf úr grunnskólum megi rekja til þess að þau fái ekki stuðning við hæfi. Samkvæmt 2. gr. grunnskólalaga ber grunnskóla að haga störfum sínum í samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Í aðalnámskrá grunnskóla er einnig fjallað um jöfn tækifæri barna til náms. Í kafla 7.2 kemur fram að allir nemendur í grunnskóla eigi rétt á að stunda nám við sitt hæfi og eiga tækifærin að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Er sérstaklega áréttað að tækifærin séu sambærileg og óháð því hvernig heilsufari viðkomandi nemanda er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru að öðru leyti. Í kafla 7.3. er fjallað um þá skyldu sveitarfélaga að sjá til þess að skólaskyld börn fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra. Kemur þar fram að nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010 kemur fram í 4. gr. að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar og án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Þá eiga nemendur í grunnskóla rétt á að sjónarmiðum þeirra sé gefin gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð, þar sem tekið er tillit til sérþarfa þeirra og aldurs.

Í fréttum ríkisútvarpsins 16. mars var umfjöllun um hin svokölluðu „utangarðsbörn“ með viðtölum við framkvæmdastjóra Einhverfusamtakanna og framkvæmdastjóra Sjónarhóls, samtaka sem þjónusta foreldra barna með sérþarfir. Þar kom fram að dæmi væru um að börn með einhverfu, geðrænan vanda eða aðrar raskanir mættu ekki í skólann svo mánuðum skipti, án þess að skólafirvöld tilkynntu barnafirvöldum um það eða brygðust við með öðrum hætti. Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða umboðsmanns barna að um skýlaus brot á grunnskólalögum og ákvæðum Barnasáttmálans sé að ræða þegar börn á skólaskyldualdri eru utangarðs í skólakerfinu, og fá þar af leiðandi ekki notið réttar síns til menntunar og jafnra tækifæra.

Í ljósi ofangreinds óskar umboðsmaður barna eftir því að þar til bær stjórnvöld og sveitarfélög bregðist við þessum brýna vanda og sjái til þess að staða barna sem eru utan skólakerfisins sé greind sérstaklega. Í því skyni verði kortlagt hversu mörg börn um ræðir og hverjar eru helstu ástæður þess að þau sækja ekki skóla. Í kjölfarið verði fundnar leiðir til að bregðast við með viðunandi hætti þannig að mannréttindi barna séu virt.

Umboðsmaður barna óskar eftir fundi með menntamálaráðherra, formanni sambands íslenskra sveitarfélaga og forstjóra Menntamálastofnunar við fyrsta tækifæri til að ræða stöðu þessara barna og leita svara við því hvernig hægt sé að bregðast við til að tryggja réttindi þeirra til jafnra tækifæra og menntunar.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Ekki varð af umræddum fundi en svar barst frá ráðuneytinu með bréfi dagsettu þann 20. nóvember. Þar tók ráðuneytið undir sjónarmið umboðsmanns um nauðsyn þess að greina stöðu barna á skólaskyldualdri sem eru utan skóla. Þá kom þar einnig fram að ráðuneytið hygðist afla upplýsinga hjá sveitarfélögum um þann fjölda nemenda sem um ræðir, og ástæður þess að þeir sækji ekki skóla, með könnun sem framkvæma á vorið 2019.

Fræðsluskylda

Umboðsmanni barna berast reglulega ábendingar um mál barna sem eru á fræðsluskyldualdri og sækjast eftir því að halda áfram námi í framhaldsskóla eftir að hafa hætt eða verið meinað um áframhaldandi skólavist vegna slakrar mætingar eða ófullnægjandi námsárangurs. Erfitt getur verið fyrir börn í þessari stöðu að komast aftur inn í dagskóla þrátt fyrir að vilji þeirra standi til

Þess. Umboðsmaður sendi bréf til mennta- og menningarmálaráðherra og óskaði eftir skýringu á inntaki fræðsluskyldunnar og ábyrgð framhaldsskóla gagnvart nemendum í vanda.

Bréfið í heild sinni:

Reykjavík, 3. september 2018

Efni: Fræðsluskylda stjórnvalda

Í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrá, sbr. lög nr. 33/1944, kemur fram að öllum skuli tryggður réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Einnig er kveðið á um rétt barna til grunn- og framhaldsmenntunar við hæfi í 28. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Þá er fræðsluskylda stjórnvalda lögfest í 32. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, en þar segir að öll börn sem lokið hafa grunnskólanámi eða náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla og jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.

Í greinargerð í frumvarpi því sem varð að lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 kemur fram að styrkja eigi rétt nemenda til skólavistar og náms, m.a. með fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs. Rökin fyrir því að kveða á um fræðsluskyldu fyrir börn á þessum aldri fremur en skólaskyldu voru sú að virða stigvaxandi rétt barna til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um áframhaldandi nám eða starfsþjálfun. Ekki var þó ætlunin að gera minni kröfur til stjórnvalda þegar kemur að menntun barna á framhaldsskólaaldri. Þvert á móti er áréttað í athugasemdum í greinargerð með fyrrnefndu frumvarpi að fræðsluskyldan leggi þá skyldu á menntamálaráðuneytið að tryggja að fyrir hendi sé svigrúm sem gefi öllum börnum, sem eftir því leita, kost á námsvist í framhaldsskóla. Jafnframt er tekið fram í greinargerð að nemendum er ætlað að virða þær skyldur sem fylgja námsvist í framhaldsskóla, en þær lúta að skólasókn, hegðun og umgengni, námsmati, framvindu og prófreglum, að skólareglur séu virtar o.s.frv.

Umboðsmanni barna berast reglulega ábendingar um mál barna sem eru á fræðsluskyldaldri og sækjast eftir því að halda áfram námi eftir að hafa áður hætt eða verið meinað um áframhaldandi skólavist. Oftar en ekki er slök mæting ástæða þess að börnin fá ekki lengur að sækja framhaldsnám í tilteknum framhaldsskóla eða að fullnægjandi námsárangri hefur ekki verið náð. Dæmi eru um að börn hafi tekið áfanga í fjarnámi frá öðrum skóla til að auka möguleika sína á að halda áfram námsgöngu sinni til að sýna fram á áhuga á áframhaldandi námi. Eftir sem áður virðist vera erfitt fyrir börn í þessari stöðu að komast aftur inn í dagskóla þrátt fyrir að hafa sýnt skýran vilja til þess að stunda nám. Í ljósi réttinda barna til menntunar og fræðsluskyldu stjórnvalda fram að 18 ára aldri vaknar sú spurning hvað í raun felist í fræðsluskyldunni ef börn í þessari stöðu fá ekki áframhaldandi skólavist í einhverjum framhaldsskóla og hvaða skuldbindingar fræðsluskyldan, sem lögfest var árið 2008, leggi á framhaldsskólana umfram það sem áður var.

Stjórnvöldum ber að tryggja rétt þeirra barna sem sækjast eftir því að stunda nám í framhaldsskóla fram að 18 ára aldri. Í ljósi framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir svörum ráðuneytisins við því hvernig fræðsluskyldan er tryggð í framkvæmd og hvernig réttur barna til að komast inn og stunda nám í framhaldsskóla er virtur. Einnig óskar umboðsmaður sérstaklega eftir svörum við því hvernig tryggt sé að börnum á fræðsluskyldaldri, sem vísað hefur verið úr framhaldsskóla eða hafa áður hætt námi einhverra hluta vegna, geti fengið skólavist í framhaldsskóla að nýju ef þau leita eftir henni, líkt og þau eiga rétt á samkvæmt 32. gr. framhaldsskólalaga og 28. gr. Barnasáttmálans. Í þessu samhengi bendir umboðsmaður á að stjórnvöldum er skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem hann óskar eftir til að hann geti sinnt hlutverki sínu, sbr. 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994.

Virðingarfyllt,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Svar barst frá ráðuneytinu með bréfi dagsettu þann 20. nóvember, sem var jafnframt svar ráðuneytisins við erindi embættisins um börn utan grunnskóla. Í svarinu kom fram að Menntamálastofnun hefði milligöngu um skólavist fyrir þá nemendur sem uppfylltu ekki inntökuskilyrði skóla eða fengu ekki skólavist. Þá hefði Menntamálastofnun boðið þeim nemendum að fara í Námskraft, sem væri úrræði á vegum Námsflokka Reykjavíkur. Varðandi

brottvísanir nemenda á fræðsluskyldualdri vísaði ráðuneytið á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. 326/2016.

Umboðsmaður fundaði með mennta- og menningarmálaráðherra þann 24. september. Rætt var um málefni barna á skólaskyldualdri, sem væru utan skóla, og um inntak fræðsluskyldunnar. Þá var rætt um skólaforðun og nauðsynleg viðbrögð. Seinni hluta fundarins tók ráðgjafarhópur umboðsmanns barna við keflinu og ræddi við ráðherra um rétt barna til menntunar.

Mötuneyti skóla og aðskilnaður nemenda

Í lok mars barst erindi frá barni um aðstöðu í skólamötuneyti í skóla í Hafnarfirði. Í erindinu kom fram að nemendur sem ekki væru í mataráskrift fengu ekki að sitja í matsal skólans með samnemendum sínum.

Umboðsmaður barna sendi [bréf](#) til bæjarstjórans í Hafnarfirði, skóla- og frístundasviðs Hafnarfjarðarbæjar auk skólastjóra viðkomandi skóla þann 7. júní. Þar kom fram að bein mismunun fælist í þeirri ráðstöfun að nemendum væri gert að sitja í mismunandi rýmum skóla í matarhléi eftir því hvort þeir væru í mataráskrift eða ekki. Bréfið var ítrekað með tölvupósti þann 27. ágúst og birt á heimasíðu og Facebook-síðu embættisins. Í kjölfarið var nokkur fjölmiðlaumfjöllun um málið og barst umboðsmanni [svar](#), dagsett 2. nóvember, frá fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Í því svari kom meðal annars fram að erindi umboðsmanns hefði verið rætt á fundi skólaráðs skólans þann 26. október og hefði ráðið samþykkt að gera þær breytingar sem umboðsmaður legði til og gera þannig öllum nemendum skólans kleift að sitja saman í matsal skólans í hádegishléum.

Barnasáttmálinn.is

Þann 3. október var undirritaður samstarfssamningur um endurnýjun náms- og fræðsluvefs um Barnasáttmálann. Að samningnum standa embætti umboðsmanns barna, Barnaheill - Save the children á Íslandi, Menntamálastofnun, og UNICEF. Þá gerir samningurinn jafnframt ráð fyrir útgáfu fræðsluefnis í formi bæklinga og veggspjalda um Barnasáttmálann.



Viðauki I Umsagnir og álit

Frumvarp til laga um útlendinga og Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar), 221. mál

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13. mál

Drög að frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 25. mál

Frumvarp til laga um mannanöfn, 9. mál

Breyting á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (barnalífeyrir), 12. mál.

Frumvarp til laga um þungunarrof - samráðsgátt

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 25. mál

Frumvarp til laga um mannanöfn, 9. mál

Breyting á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (barnalífeyrir), 12. mál.

Frumvarp til laga um útlendinga og Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 564. mál

Álitaefni um brottám líffæra, 22. mál,

Frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál

Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls), 238. mál

Frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, 293. mál

Þingsályktun um aðgengi að stafrænum smiðjum 236. mál

Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202. mál.

Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 74. mál.

Frumvarp til laga um almannatryggingar (barnalífeyrir), 97. mál

Þingsályktun um bættu stjórnslu í umgengnismálum, 90. mál

Þingsályktun um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, 62. mál

Frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 165. mál

Frumvarp til laga um mannanöfn, 83. mál.

Frumvarp til laga um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis), 34. mál

Frumvarp til laga um útlendinga (fylgdarlaus börn), 42. mál

Frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt og barnalög (ríkisfangsleysi), 133. mál

Frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna), 105. mál

Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs), 98. mál

Frumvarp til laga um ættleiðingar (umsagnir nánustu fjölskyldu), 128. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur)
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 27. mál
Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 26. mál

Viðauki II Málþing og ráðstefnur

Umboðsmaður barna og starfsfólk embættisins sækir fjölda málþinga og ráðstefna á ári hverju, enda mikilvægt að starfsfólk viði að sér þekkingu um málefni barna og ungmenna.

Embættið er aðili að Náum áttum hópnum sem heldur reglulega morgunverðarfundi á Grand hótél um ýmis málefni sem varða börn og forvarnir. Eftirfarandi eru fundir ársins og efni þeirra:

21. febrúar 2018: Sjúk ást.

14. mars 2018: #Metoo og börnin (Salvör Nordal var þar með erindið „Réttindi barna í ljósi #metoo – umræðunnar)

25. apríl 2018: Réttur barna í opinberri umfjöllun

19. september 2018: Skólaforðun – Falinn vandi

18. október 2018: Lyfjanotkun ungmenna – Íslenskur veruleiki

Fundir með beinni þátttöku starfsmanna á árinu

19. janúar tók Salvör Nordal þátt í pallborðsumræðum á Læknadögum í Hörpu um skjánotkun barna og ungmenna.

22. janúar var Salvör Nordal með erindi á sameiginlegum morgunverðarfundi stjórnsmálaflokkanna #metoo – hvað svo?

23. febrúar hélt Salvör Nordal erindi á Málstofuröð Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd um fátækt barna.

6. mars var Salvör Nordal með erindi á hádegisfundi á vegum Siðfræðistofnunar um siðferðileg álitamál varðandi umskurð drengja.

11. apríl hélt Salvör Nordal erindi á málþingi um Endómetríósu og unglinga.

17. apríl hélt Salvör Nordal erindi á ráðstefnu Samráðsvettvangs trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um umskurð drengja.

8. maí flutti Salvör Nordal ávarp í upphafi ráðstefnu velferðarráðuneytisins um snemmtæka íhlutun í málefnum barna.

29. maí hélt Salvör Nordal erindi á málþinginu Samtal um siðmenningu #Metoo byltingin og lögfræðistéttin

30. maí hélt Guðríður Bolladóttir erindi á fundi um birtingu dóma og verndun friðhelgi barna sem haldinn var í samstarfi við Dómstólasýsluna.

6. september tók Salvör Nordal þátt í pallborðsumræðum á norrænni ráðstefna um velferð barna, The Nordic Congress on Child Welfare.

8. september hélt Salvör Nordal erindi á ráðstefnunni Fullveldið, háskólinn og framtíðin - Gildi háskóla fyrir íslenskt samfélag í Háskóla Íslands.

14. september hélt Stella Hallsdóttir erindi á starfsdögum SAMFÉS.

28. september hélt Salvör Nordal erindi á ráðstefnunni Fjölskyldan í gleði og sorg.

10. október var Salvör Nordal stjórnandi pallborðsumræðu á ráðstefnunni The Imagine Forum: Youth on the Move, haldin af Höfða friðarsetri í Háskóla Íslands.

8. nóvember hélt Eðvald Einar Stefánsson erindi á fundi embættisins um atvinnuþátttöku barna.

25. nóvember hélt Salvör Nordal erindi á Heimspekikaffi á Akureyri um lýðræðisþátttöku barna.



UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Kringlunni 1, 5. h – Sími 552 8999 – Barnasími gjaldfrjálst númer 800 5999
Fax 552 8966 – Netfang ub@barn.is – Veffang www.barn.is